

Nd.

131. Nefndarálit

[74. mál]

um frv. til l. um heimild til verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna, Skúli Guðmundsson og Einar Ágústsson, vildu samþykkja frumvarpið óbreytt. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. með einni litilsháttar breytingu á 1. grein. En ég taldi nauðsynlegt að gera allmiklar breytingar á frumvarpinu í því skyni að gera ákvæði þess ótvíræð og ákveðin um verðlagsstöðvun og um það að tryggja framkvæmd verðlagseftirlits. Ég flyt því á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur við frumvarpið.

Meginefni þeirra breytingartillagna, sem ég flyt, er þetta:

1. Í stað þess, að í frv. er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að ákveða verðstöðvun, þá legg ég til, að skýrt verði ákveðið, að ríkisstjórnin skuli ákveða verðstöðvun.
2. Ég legg til, að ný verðlagsnefnd verði kosin í stað þeirrar, sem starfað hefur og unnið hefur verk sín þannig, að hún hefur leyft hækkun álagningar og í ýmsum greinum ótakmarkaða álagningu.
3. Ég legg til, að hinni nýju verðlagsnefnd verði beinlínis falið að ákveða hámarksverð eða hámark álagningar á vörum og þjónustu.
4. Þá vil ég, að skýr ákvæði séu í frv. um, að verðstöðvun nái til húsaleigu, og að jafnframt verði komið í veg fyrir, að þau ákvæði verði skágengin með uppsögn á húsnæði.
5. Ég legg til, að stjórn Seðlabankans verði falið að ákveða lækkuð vaxta, um leið og stöðvun verðlags hefur verið fyrirskipuð.
6. Ég vil ekki tímabinda þær verðstöðvunarframkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru, og legg því til, að það ákvæði í frv., sem segir, að verðstöðvunin skuli aðeins gilda til 31. október á næsta ári, verði fellt niður.

Með frv. ríkisstjórnarinnar, eins og það liggur fyrir, er lagt til, að stjórnin fái heimild til að mega ákveða stöðvun verðlags. Engin vissa er fyrir því, að ríkisstjórnin noti þessa heimild eða telji grundvöll vera fyrir verðlagsstöðvun. Í greinargerð frv. er að því vikið, að forsendur þess, að heimildir frv. verði notaðar, séu m. a. þær, að ekki verði kauphækkningar, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega.

Nú er það mjög á huldu, hvað ríkisstjórnin á við með þessu orðalagi. Augljóst er þó, að hún hugsar sér að nota heimildina til verðstöðvunar sem samningamál við launþegasamtökin í viðræðum um breytingar á kjarasamningum.

Ég tel allt slíkt óeðlilegt og enda bera vitni um lítinn skilning ríkisstjórnarinnar á því aðkallandi nauðsynjamáli að reisa skorður gegn síhækkandi verðlagi í landinu. Verðstöðvun á að ákveða skýrt og skörinort, og frá henni á ekki að víkja nema í algerum undantekningartilfellum.

Stöðvun verðlagsins er sjálfsögð, en það á að gera meira, þar sem það er hægt. Það á einnig að lækka það verðlag, sem sannanlega er orðið óeðlilega hátt, t. d. vegna hækkadrar álagningar eða annars milliliðakostnaðar.

Um það er ekki að villast, að síðan verðlagning var gefin frjáls í ýmsum greinum, hefur álagning stórhækkað. Slika álagningu á nú að lækka með opinberum ráðstöfunum, og síðan á að fylgja því fast eftir, að verðlagsreglum sé fylgt.

Ég hef átt þess kost að kynna mér nokkuð skýrslu, sem gerð var á s. l. sumri um breytingar, sem orðið hafa á síðustu árum á verzlunarálagningu. Í þeirri skýrslu kemur í ljós, að verðlagsyfirvöldin hafa heimilað mikla hækkun á álagningu og auk þess gefið álagningu frjálsa í mörgum greinum. Sem dæmi um þessar breytingar skal eftirfarandi tilgreint:

Vörur, sem enn eru undir verðlagsákvæðum.

| Í heildsölu: | Álagning | Álagning |
|--|----------|----------|
| | 1960 | 1966 |
| Þrjónagarn, vefnaðarvara og metravara alls konar | 9% | 15% |
| Rafmagnsrör og rafmagnsvír alls konar | 9.5— | 16— |
| Rúðugler | 15— | 19— |
| Smíðajárn | 9— | 12— |
| Gúmmístígvél | 6— | 8.5— |
| Annar skófatnaður | 6.5— | 9— |
| Fataefni | 7.5— | 10— |
| Í smásölu: | | |
| Gúmmístígvél | 15% | 22% |
| Annar skófatnaður | 20— | 27— |
| Búsáhöld o. fl. | 27— | 35— |
| Fataefni | 21— | 27— |
| Þrjónagarn, vefnaðarvara og metravara alls konar | 25— | 40— |

Vörur, sem leystar hafa verið undan verðlagsákvæðum.

| Í heildsölu: | Álagning | Álagning |
|---|----------|----------|
| | 1960 | 1966 |
| Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir, kex o. fl. | 7.5% | 18.3% |
| Hreinlætis- og snyrtivörur | 9.5— | 23.3— |
| Ytri fatnaður | 8.5— | 15.7— |
| Annar fatnaður | 9— | 22.3— |
| Lamir, skrár, verkfæri o. fl. | 9— | 19.1— |
| Rafmagnsheimilistæki | 9.5— | 18.8— |
| Leir- og glervörur | 12— | 19.8— |
| Í smásölu: | | |
| Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir | 25% | 38.9% |
| Hreinlætis- og snyrtivörur | 25— | 49.6— |
| Ytri fatnaður | 21— | 40.2— |
| Annar fatnaður | 25— | 39.2— |
| Vinnufatnaður og úlpur | 20— | 32.9— |
| Leir- og glervörur | 27— | 42.7— |
| Lamir, skrár og verkfæri | 27— | 39.7— |
| Rafmagnsheimilistæki | 18— | 26.5— |

Framangreind dæmi eru tekin af handahófi. Þau sýna sízt meiri hækkun álagningar en aðrar vörur. En þessi dæmi sýna á ótvíræðan hátt, að milliliða-kostnaður í verzlun hefur stórukízt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Álagningarprósantan hefur hækkað mikið og þó mest þar, sem álagningin hefur verið gefin frjáls. Nú er þess að gæta, að grunnverð á vörum, sem álagningarprósantan er

reiknuð af, hefur hækkað mikið á þessu tímabili. Gengislækkunin 1961 hefur valdið hækkun á innflutningsverðinu og þá um leið á flutningsgjöldum og tollum. Flutningsgjöld hafa auk þess verið gefin frjáls og því stórhækkað. Þannig hefur grunnverðið hækkað mikið og álagningarprósentan jafnframt. Álagningin í krónum hefur því stóraukizt frá því, sem áður var.

Ég tel, að ekki ná nokkurri átt að láta við það sitja að löggilda það verðlag, sem orðið er í dag, og þar með þá álagningu, sem nú er orðin í ýmsum tilfellum. Af þeim ástæðum legg ég til, að nýrri verðlagsnefnd verði falið það verkefni að athuga alla álagningu og ákveða síðan hámarksverð eða hámarksálagningu að nýju.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er aðeins heimildarfrumvarp. Það er eins og hún hafi enn ekki áttað sig á því til fulls, hvort rétt sé að gera verulegar ráðstafanir gegn síhækkandi verðlagi. Ríkisstjórnin virðist hika í málinu.

Nú er það kunnugt, að stefna ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum hefur verið sú, að sem minnst opinber afskipti ættu að koma til í þeim málum. Af þeim ástæðum hefur verðlagseftirlit verið minnkað og verðlagning undanþegin eftirliti í mörgum greinum. Því hefur verið haldið fram, að framboð og eftirspurn ætti að tryggja réttlátt verðlag. Reynslan hefur sýnt á ótvíræðan hátt, að þessi stefna er röng. Verzlunarfrelsið hefur leitt til hækkaðrar álagningar og aukins milliliðakostnaðar. Dýrtíðin hefur aukizt.

Enn hefur ríkisstjórnin ekki horfið frá þessari stefnu sinni í verðlagsmálum. Frumvarp hennar nú um heimild til verðstöðvunar ber aðeins vitni um fálmg og fát. Hún sér, að hin yfirlýsta stefna hennar, sem reynd hefur verið í 7 ár, fær ekki staðizt, en þó vill hún ekki taka upp skýra og ákveðna stefnu um eftirlit með verðlagningu.

Með frv. þessu vill ríkisstjórnin reyna að sanna almenningi, að hún vilji verðstöðvun, en jafnframt á svo að halda því fram, að ýmsir aðrir aðilar vilji ekki verðstöðvun og komi í veg fyrir það, að hún sé framkvæmanleg.

Það er ekki nýtt, að núverandi stjórnarflokkar haldi því fram, að þeir vilji verðstöðvun. Árið 1959 stóðu þeir saman um Alþýðuflokksstjórnina, sem með völd fór það ár. Þá boðuðu þessir flokkar mikla verðstöðvun, um leið og þeir lækkuðu með lögum allt umsamið kaup launafólks og bænda. Árið 1959 komu kauphækkanir ekki í veg fyrir verðstöðvunarstefnu þessara flokka. En hver varð reynslan? Jú, hún varð sú, að verðstöðvunin gildi aðeins fram yfir tvennar alþingiskosningar, sem fram fóru á því ári. Að þeim loknum ákváðu þessir sömu flokkar stórfellda gengislækkun og stórkostlega hækkun alls verðlags. Síðan hafa þessir flokkar sýnt verðstöðvunaráhuga sinn í verki með þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað s. l. 7 ár.

Sumarið 1964 samdi verkalyðshreyfingin við ríkisstjórnina um nokkrar kjara-bætur, en um litlar kauphækkanir, á þeim megingrundvelli, að unnið skyldi gegn síhækkandi verðlagi innanlands. Ríkisstjórnin gerði engar ráðstafanir til þess að hamla gegn hækkanandi verðlagi, þvert á móti hélt hún áfram verðhækkunarstefnu sinni, hækkaði söluskatt og aðrar álögur og verðlag ríkisstofnana og heimilaði enn aukinn milliliðakostnað.

Þannig hefur reynslan sýnt, að fögur orð ríkisstjórnarinnar um, að hún vilji verðstöðvun, duga harla lítið, ef engar bindandi ráðstafanir eru gerðar til að tryggja framkvæmd verðstöðvunarstefnu.

Augljóst er, að það, sem rekið hefur ríkisstjórnina til þess að flytja þetta frumvarp, er ótti hennar við komandi alþingiskosningar. Hún veit, að dýrtíðin er orðin óbærileg og að fjöldi fyrirtækja í landinu er við það að gefast upp.

Af þeim ástæðum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að sýna stöðvunarfrumvarp eins og það, sem hér liggur fyrir. Hennar vandi er sá að komast yfir næstu kosningar, án þess að ástand það í efnahagsmálum þjóðarinnar og þar með í verðlagsmálum, sem hún ber ábyrgð á, verði gert upp til fulls. Eftir alþingiskosningarnar

á næsta sumri á svo að gera þessi mál upp, og þá verður ekki lengur minnt á verðstöðvun, heldur á gengislækkun og verðhækkun.

Heimildarfrumvarp ríkisstjórnarinnar er því um blekkingar-verðstöðvun. Ef breytingartillögur mínar yrðu samþykktar, væri hægt að gera frv. að raunverulegu verðstöðvunarfrumvarpi.

Alþingi, 9. des. 1966.

Lúðvík Jósefsson.